



Ferðamálastofa

Verklagsreglur – Gullni hringurinn (Dæmi)

Gildissvið og tilgangur

Þessar verklagsreglur gilda um leiðsagðar ferðir um Gullna hringinn. Markmið þeirra er að tryggja örugga, samræmda og faglega framkvæmd ferða með því að setja fram dæmi um verklagsreglur sem varða undirbúning ferðar, framkvæmd hennar og viðbrögð við atvikum.

Verklagsreglurnar taka mið af sérstöðu Gullna hringsins, þar á meðal miklum fjölda ferðamanna, fjölsóttum áfangastöðum, breytilegum veðurskilyrðum, umferðaráhættu og stuttum stoppum á mörgum stöðum.

Einkenni ferðar

- Akstur á milli áfangastaða og tíð inn- og útganga farþega úr rútu
- Mikil umferð og fjölmenni á vinsælum stöðum
- Gönguleiðir með mismunandi undirlagi, þar á meðal malbik, mól og tröppur
- Breytilegt veður og árstíðabundnar aðstæður, m.a. hálka og snjór

Nauðsynlegur búnaður leiðsögumanns

- Fullhlaðinn farsími með vistað neyðarnúmer
- Fyrstu hjálpar búnaður sem hentar dagsferðum (sáraumbúðir, sótthreinsun, hanskar, verkjalyf)
- Endurskinsvesti eða sýnilegur yfirfatnaður fyrir stopp við vegi og bílastæði
- Viðbragðsáætlun sem er aðgengileg á ferðinni
- Fatnaður og skófatnaður við hæfi miðað við aðstæður

Þekking og hæfni leiðsögumanna

- Góð þekking á leiðum og helstu áfangastöðum Gullna hringsins
- Þekking á staðbundnum áhættum, m.a. umferð, hálku, jarðhitasvæðum og fallhættu
- Viðeigandi menntun og/eða reynsla sem leiðsögumaður og hópstjóri
- Gilt skyndihjálparskírteini frá viðurkenndum aðila
- Geta til að aðlaga dagskrá ferðar að aðstæðum hverju sinni

Fyrir brottför

- Yfirfara veðurspá, færð og tilkynningar um aðstæður á áfangastöðum
- Staðfesta að fjöldi þátttakenda sé innan marka samkvæmt reglum fyrirtækisins

- Yfirfara öryggi og aðgengi ökutækis
- Ganga úr skugga um að nauðsynlegur búnaður sé til staðar og aðgengilegur

Við upphaf ferðar

- Kynna leiðsögumann og fara yfir dagskrá dagsins
- Útskýra öryggisreglur og hegðun á áfangastöðum
- Veita upplýsingar um gönguvegalengdir, undirlag og veðuraðstæður
- Upplýsa um salernisaðstöðu og tímasetningar

Á meðan á ferð stendur

- Tryggja yfirsýn og stjórn á hópnum á öllum stoppum
- Staðsetja hópinn með öruggum hætti fjarri umferð
- Telja þátttakendur reglulega
- Aðlag eða fella niður dagskrárliði ef aðstæður teljast óruggar

Atriði sem krefjast sérstakrar athygli

- Hrösun eða fall við inn- og útgöngu farþega úr rútu
- Hálka á göngustígum og útsýnispöllum
- Fallhætta við brúnir og opið landslag
- Jarðhitahætta á Geysissvæðinu
- Hætta á að farþegi týnist í fjölmenni
- Skyndilegar veðurbreytingar

Komi upp atvik eða slys

- Fylgja viðbragðsáætlun fyrirtækisins
- Forgangsraða öryggi hópsins og veita fyrstu hjálp
- Hafa samband við neyðarþjónustu þegar við á
- Skrá atvik í samræmi við verklag fyrirtækisins

Endurskoðun og uppfærsla

Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega og uppfærðar eftir þörfum, t.d. ef atvik eða næstum-slys eiga sér stað, aðstæður breytast eða ný áhætta kemur í ljós.

Fyrirvari

Þetta skjal er sett fram sem dæmi um verklagsreglur og er eingöngu ætlað til leiðbeiningar. Skjalið kemur ekki í stað þeirrar skyldu rekstraraðila að framkvæma eigið áhættumat og setja sér verklagsreglur sem taka mið af þeirra eigin starfsemi, ferðum, leiðum, hópastærð, búnaði og árstíðabundnum aðstæðum, í samræmi við gildandi lög og reglur.